

Föstudaginn 1. maí 1931.

Nr. 11/1931: **Valdstjórnin** (Guðm. Ólafsson)

gegn

Magnúsi Jónassyni (Bjarni P. Johnson).

Áfengislagabrot.

Dómur lögregluréttar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 8. jan. 1931: Magnús Jónasson greiði 500 króna sekt í ríkissjóð. Verði sektin ekki greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, skal hann sæta 30 daga einföldu fangelsi.

Svo greiði hann og allan af málinu löglega leiðandi kostnað.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Með því að láta af hendi fyrir borgun vín, er kærði hefir keypt í áfengisverzlun ríkisins, hefir kærði gerzt sekur um brot á reglugerð 24. ág. 1928, um sölu og veitingar vína þeirra, er ræðir um í lögum nr. 3, frá 1923 og ákveðst refsingin fyrir brot þetta samkvæmt 32. gr., sbr. 45. gr. laga nr. 64, 7. maí 1928, 800 kr. sekt til ríkissjóðs og kemur 40 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún fæst eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði lögregluréttardómsins um málskostnað samþykkist.

Kærði greiði og allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 60 kr. til hvors.

Rannsókn máls þessa í héraði hefir verið mjög ófullkomin, þannig hefir maður sá, er með kæru sinni hefir gefið tilefni til rannsóknarinnar, ekki verið yfirheyrður og yfirleitt ekki gerð nægileg gangskör að því að komast að því, hvað mikið hafi

kveðið að vinsölu kærða, þótt ekki hafi fundizt nægileg ástæða til að vísa málinu heim til frekari rannsóknar.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Magnús Jónasson, greiði 800 kr. sekt í ríkissjóð og komi 40 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar verði hún eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan kostnað málsins bæði í héraði og hæstarétti, þar með talin málaflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, málaflutningsmannanna, Guðmundar Ólafssonar og Bjarna P. Johnson, 60 kr. til hvors.

Dóminum þer að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn bifreiðarstjóra Magnúsi Jónassyni í Borgarnesi, fyrir brot gegn ákvæðum áfengislaganna nr. 64/1928, og eru mála-
vextir þessir:

Magnús Jónasson hefir fengið árlega, undanfarið, eitt-hvað af vínunum frá vínverzlun ríkisins, en ekki hefir fengist skýrsla frá vínverzluninni um hve mikið það hafi verið, nema fyrir árið 1930.

Magnús hefir játað fyrir rétti, að hafa fram á árið 1929 látið eitthvað af vínunum þessum af hendi við þá menn, er leigt hafa af honum bifreiðar og hækkað þá bifreiðargjaldið, sem svarar 7—10 kr. fyrir hverja flösku, er þeir hafa fengið, en fyrir vinið hefir hann greitt vínverzlun 7 kr. fyrir flöskuna og kr. 7,50 fyrir nokkrar, mest af víninu kveðst hann hafa notað heima hjá sér, og veitt gestum sínum þar, án þess að taka borgun fyrir. Hann

hefir einnig haldið því skýrt og afdráttarlaust fram, að hann hafi enga flösku látið af hendi árið 1930 hvorki fyrir peninga eða aðra þóknun, og aldrei selt nokkrum manni búsettum hér vín, enda hefir ekki tekizt að finna nein vitni, er gætu borið um þennan verknað hans.

Verknaður þessi verður að teljast brot á áfengislög-gjöfinni og virðist refsing sú, er hann hefir unnið til, hæfilega ákveðin 500 kr. sekt í ríkissjóð. Verði sektin eigi greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, kemur 30 daga einfalt fangelsi í hennar stað. Svo greiði hann og allan af málinu löglega leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Mánudaginn 4. maí 1931.

Nr. 5/1931. **Hreppsnefnd Eskifjarðarhrepps, f. h. Eskifjarðarhrepps** (Theodór B. Lindal)
 gegn
Jóni Eyvindssyni (Sveinbjörn Jónsson).

Útsvarsmál.

Úrskurður fúgetaréttar Reykjavíkur 4. júlí 1930: Hin umbeðna lögtaksgerð skal ekki ná fram að ganga.

Dómur hæstaréttar.

Það verður að vísu að lita svo á, að stefnandi hafi öðlazzt heimilisfang á Eskifirði, er hann flutti þangað með fjölskyldu sína og tók sér þar íbúð á leigu frá 1. júlí 1928, að heimilisfesti hans í Reykjavík hafi þá jafnframt rofnað, þótt hann enn hefði tvö herbergi til umráða í húsi sínu þar, og að stefndi og fjölskylda hans hafi réttilega verið talin í manntali á Eskifirði um áramótin 1928—1929. En þessari heimilisfesti stefnda á Eskifirði lauk,